



Fjármálaráðuneytið til Bjarna Benediktssonar formanns Nýbyggingarsjóðsnefnda, varðandi bréf Þórólfs Ólafssonar

Bjarni Benediktsson Fjármálaráðuneytið til Bjarna Benediktssonar formanns Nýbyggingarsjóðsnefnda,
varðandi bréf Þórólfs Ólafssonar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hið háa fjármálaráðuneyti hefir óskað umsagnar minnar um erindi Þórólfs Ólafssonar, dags. 12. apríl, þar sem hann fer fram á 250,- kr. grunnkaup á mánuði fyrir störf sín í þágu Nýbyggingarsjóðsnefndar. Á sínum tíma óskaði ég eftir því, að skrifstofu ríkisskattanefndar væri falin skrifstofustörf fyrir Nýbyggingarsjóðsnefnd vegna þess að störfin voru orðin svo mikil, að eigi var framár til að láta vinna þau í algerum hjáverkum og án fasts aðseturs, enda þótt smávegis væri fyrir þau greitt, né heldur var fært að láta starfsfólk skrifstofu borgarstjóra vinna þessi verk án þóknunar eins og um sum var í upphafi. Mér er því ljóst, að á skrifstofu ríkisskattanefndar hafa best tölverð ný störf við, að henni var falið að annast skrifstofustörf Nýbyggingarsjóðsnefndar. Eru þau alger viðauki fyrir þann mann, hr. Þórólf Ólafsson, sem annast þau og sýnist því sanngjarnt, að hann fái launahækkun af þeim sökum. Hinsvegar hefi ég litið svo á, að skrifstofunni en ekki honum persónulega hafi verið falin umrædd störf, og þar sem ég er ekki dómber um, hve störf hans eru mikil að öðru leyti, né hversu mikill hluti þessi viðauki er af heildarstörfum hans, treysti ég mér eigi til að gera tillögu um, hversu kauphækkun hans skuli vera mikil, enda er hinu háa ráðuneyti kunnugra en mér með hverjum hatti ríkið greiðir yfirleitt slíkan starfsauka, sem hér er áreiðanlega fyrir hendi.

./.

Bréf Þórólfs Ólafssonar endursendist hér með.

Til

fjármálaráðuneytisins.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

N - 4

Reykjavík, 15. apríl 1943.

(Óskast tilgreint í svari)

Ráðuneytið óskar umsagnar yðar, herra formaður, um erindi Þórólfs Ólafssonar, dags. 12. þ.m., er varðar beiðni um þóknun fyrir störf vegna nýbyggingarsjóðsnefndar.

Skjalið óskast endursent.

f.h.r.

su.

Ólafsson

Til

formanns Nýbyggingarsjóðsnefndar,

Bjarna Benediktssonar, borgarstjóra,

R.